



Borgarráð

Reykjavík, 20. nóvember 2025

MSS25060124

Tilnefning í skólanefnd Menntaskólans við Sund 2025-2029

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Magnús Svein Helgason, Katrínu Jakobsdóttur, Steinar Inga Kolbeinsson og Oliver Nordquist sem fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefnd Menntaskólans við Sund 2025-2029, sbr. hjálagða beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins. Þess er óskað að Katrín Jakobsdóttir og Steinar Ingi Kolbeinsson, verði skipuð sem aðalfulltrúar í nefndinni og að Magnús Sveinn Helgason og Oliver Nordquist, verði skipaðir varafulltrúar í nefndinni.

Heiða Björg Hilmisdóttir
Borgarstjóri

Hjálagt: Bréf mennta- og barnamálaráðuneytisins þar sem þess er farið á leit að Reykjavíkurborg tilnefni fulltrúa í skólanefnd Menntaskólans við Sund dags 7.nóvember 2025.



Reykjavík



Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

7.11.2025
MRN25060316

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.


Skipunartími núverandi skólanefndar Menntaskólans við Sund lýkur 8. desember 2025. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Reykjavíkurborg tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Menntaskólans við Sund.

Vakin er athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Með skírskotun til framangreinds er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir af hvoru kyni. Sé það ekki unnt er óskað eftir skýringu á ástæðum þess. Sama á við ef tilnefningaraðili óskar eftir því að annar tilnefndra einstaklinga verði skipaður aðalmaður. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta á netfangið mrn@mrn.is og eigi síðar en 24.11. nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang, vinnustað og netfang tilnefndra aðila fylgja.

Fyrir hönd ráðherra,


Theódóra Sigurðardóttir


Erla Ósk Guðjónsdóttir